

Fundur var haldinn í hreppsnefnd Tjörneshrepps í Sólvangi 8. nóvember klukkan 17:15.

Allir aðalmenn mættir. Oddviti setur fund og stjórnar honum. Snæbjörn Sigurðarson frá Eimi er getur fundarins.

1. Snæbjörn Sigurðarson kynnir starfsemi Eims.
2. Erindi frá Markaðsstofu Norðurlands.
Erindið samþykkt.
3. Aðalfundur Eyþings
Aðalsteinn greindi frá fundinum.
4. Landsfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Aðalsteinn greindi frá fundinum.
5. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga.
Katy fór yfir fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna.
6. Erindi frá Aflinu.
Samþykkt að veita styrk upp á 10.000 krónur.
7. Erindi frá Eyþingi – ráðning tímabundins framkvæmdastjóra.
Samþykkt var að veita auka fjárframlag. Hreppsnefnd Tjörneshrepps vill leggja áherslu á að Eyþing sýni hófsemi í ákvarðanatöku launa.
8. Erindi frá Eyþingi – Framtíð Eyþings.
Oddviti fær umboð hreppsnefndar til að koma álitum hennar á framfæri.
9. Bókun vegna lokunnar útibúa Vís á landsbyggðinni.
Hreppsnefnd Tjörneshrepps mótmæliar ákvörðun VÍS um lokun starfstöðva félagsins á landsbyggðinni. Hreppsnefnd skorar á fyrirtækið að endurskoða ákvörðun sína. Ef ákvörðunin stendur skorar hreppsnefnd á íbúa, stofnanir, og fyrirtæki á landsbyggðinni að beina viðskiptum sínum með tryggjar til annarra tryggingafyrirtækjana með þjónustu í heimabyggð.
10. Aðalskipulags Tjörneshrepps.
Oddviti kynnti kynnti hugmynd um sameiginlegt útboð á aðalskipulögum sveitarfélaganna innan Héraðsnefndarinnar.
11. HSP.
Oddviti kynnti erindi frá HSP.
12. Þingsályktunartillaga vegna bújarða.
Oddviti falið að senda athugasemd vegna eignarhalds bújarða.

13. Hitaveita í Tjörneshreppi.
Oddvita falið að vinna málið áfram.

14. Málefni Sólvangs.
Oddvita falið að uppfæra gjaldskrá.

Fleira ekki gert. Fundið slitið kl. 19:00.

Katý Bjarnadóttir

Aðalsteinn J. Halldórsson

Sveinn Egilsson

Smári Kárasón

Jón Gunnarsson